

Fundur í skólaráði 8.des. 2011

Mætt: Guðlaug, Helga Kristín, Ólína, Sigurlína Margrét, Sigurlaug og Örn.

1. Samræmd próf – Helga Kristín kynnti samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa frá því í september. Stærðfræði í 4.bekk kemur ekki nógu vel út og gera þarf áætlun um úrbætur.
2. Foreldrakönnun vegna skólakynninga í haust – könnunin var gerð í nóvember og sagði Helga Kristín frá helstu niðurstöðum hennar. Almenn ánægja var með kynningarnar.
3. Helga Kristín og Guðlaug sögðu frá hugmynd að nemendakönnun þar sem nemendur myndu svara undir nafni og bekk. Tilgangurinn er að umsjónakennarar geti nýtt sér niðurstöðurnar til þess að ræða við nemendur, hvern og einn. Það þarf að skoða fyrirkomulag úrvinnslunnar og eins hversu langt niður í aldri könnunin skuli ná.
4. Gæsla í íþróttahúsi – Örn sagði frá því að búið væri að ráða karlmann til starfa í íþróttahúsið. Sá stendur sig vel og hefur gæsla lagast til muna.
5. Guðlaug sagði frá því að áhugi væri á að sækja um mat á skólastarfinu til Menntamálaráðuneytisins. Hún lagði eftirfarandi fram til samþykkis:

*Skólaráð Grunnskóla Seltjarnarness fagnar því að sótt verði um úttekt*

*Menntamálaráðuneytisins á skólastarfinu.*

*Nokkuð er liðið frá síðustu úttekt og því gott að fá stöðuna eins og hún er í dag. Skólaráð leggur til að sótt verði um almenna úttekt.*

Tillagan var samþykkt.

6. Guðlaug sagði frá skemmtun 10. bekkjar sem haldin var 1.des. Skemmtunin tókst mjög vel eins og alltaf.
7. Rætt var um nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Fulltrúar foreldra í skólaráði fengu reglugerðina í hendur og munu skoða hana og kynna fyrir stjórn foreldrafélagsins.
8. Guðlaug afhenti svar við bréfi sem barst frá foreldrum varðandi fækkun á kennslustundum í íslensku og stærðfræði á unglingsstigi.
9. Önnur mál
  - Spurst var fyrir um forfallakennslu á unglingsstigi, hvernig og hvenær hún væri mönnuð. Sérstaklega var rætt um forföll náttúrufræðikennara sem eru langvarandi. Foreldrar hefðu vilja fá að vita um þau. Guðlaug sagði að reynt væri að manna langvarandi forföll en það væri ekki alltaf hægt. Foreldrar vilja að ráðinn verði forfallakennari og munu ræða við Baldur um það. Foreldrar ætla að koma á fund Guðlaugar og ræða um náttúrufræðikennsluna á unglingsstigi.
  - Nokkuð hefur verið kvartað undan matnum í Való og spurning hvort bjóða megi upp á einhverjar mjólkurvörur fyrir nemendur sem vilja ekki matinn. Það verður skoðað í samráði við Jóa.
  - Spurt var um eineltismál í 6.bekk og hvort verið væri að vinna í því. Málið er komið í réttan farveg og er Kristín námsráðgjafi byrjuð að vinna í málinu.
  - Örn var spurður hvernig gengi með 7. bekk í íþróttum en þau byrjuðu frekar illa í haust. Örn sagði að þetta gengi miklu betur og væri allt á réttri leið.
  - Foreldrafélagið afhenti Mýró þrjú vegleg töfl fyrir nemendur. Áður var búið að gefa Való borðtennisborð sem vekur mikla ánægju og væntanlega mun Mýró fá að gjöf ljóskastara í salinn.

Ákveðið að næsti fundur verði fyrsta mánudag í febrúar þ.e. 6. febrúar.

Fundarritari Ólína Thoroddsen

